

Að öðru leyti en segir í fyrri málslið þessarar greinar er úr gildi numin reglugerð nr. 175/1951, um menntaskóla, svo og reglugerð nr. 203/1964, um stúdentspróf utanskóla, og reglur um stúdentspróf í áföngum, sbr. bréf menntamálaráðuneytisins nr. 144 5. desember 1946.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fulltrúar nemenda í skólaráð samkvæmt 63 gr. skulu í fyrsta sinn kjörnir eftir þeim reglum, sem nú gilda um kjör trúnaðarmanna nemenda í hverjum skóla.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. desember 1965 um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. desember 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgrein 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar, 3,75% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 1000.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar nr. 6 20. janúar 1964 og breyting á þeirri reglugerð nr. 117 2. maí 1969.

1. gr.

1. gr. reglugerðar nr. 117 2. maí 1969 orðist svo:

Í stað orðanna í 8. gr.: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2,25% — tveimur og einum fjórða af hundraði — af fasteignamati húsanna“ komi: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 3½ — þremur og hálfum af hundraði — af fasteignamati húsanna.“

Lágmarksgjald á íbúð verði kr. 500.00.“

2. gr.

2. gr. reglugerðar nr. 117 2. maí 1969 orðist svo:

Af hverri tunnu sildar greiðast kr. 2.00. Greinin að öðru leyti óbreytt.

3. gr.

Í stað orðanna: „Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 15.00 fyrir hverja smálest“ í upphafi 9. gr. reglugerðar nr. 6 20. janúar 1964 komi: „Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 25.00 fyrir hverja smálest.“

Greinin að öðru leyti óbreytt.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Grindavíkurbreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kys sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr., og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila eru 6 mánuðir.